

Aldan dósamóttaka

Brákarbraut 25 Borgarnesi – sími: 433 7441

Leiðbeiningar um móttöku á flöskum og dósum

Aldan starfar samkvæmt almennum reglum um móttöku á flöskum og dósum sem auðveldar starfsmönnum að veita viðskiptavinum betri og skjóttari þjónustu. Umbúðir þurfa að vera flokkaðar en þær mega vera beyglaðar.

- Tæma innihald/vökva umbúða.
- Flokka gler sér.
- Ál og plast flokkað saman.

Vinsamlegast gætið þess að vera með umbúðir klárar fyrir vélar ásamt því að umbúðir eru lausar við allt heimilissorp og vökva.

Gott er að fá minni sendingar taldar, fimm svartir ruslapokar og minna, sérstaklega þegar mikið er að gera.

UMBÚÐIR MEÐ SKILAGJALDI



GLER MEÐ SKILAGJALDI 16 KRÓNUR

- Glerflöskur fyrir áfengi
- Glerflöskur fyrir bjór
- Glerflöskur fyrir ávaxtasafa
- Glerflöskur fyrir gosdrykki (Vífelfell og Ölgerðin)
- Glerflöskur fyrir orkudrykki



PLAST MEÐ SKILAGJALDI 16 KRÓNUR

- Plastflöskur fyrir ávaxtasafa
- Plastflöskur fyrir gosdrykki
- Plastflöskur fyrir orkudrykki
- Plastflöskur fyrir vatn
- Plastflöskur fyrir áfengi



ÁL MEÐ SKILAGJALDI 16 KRÓNUR

- Áldósir fyrir gosdrykki
- Áldósir fyrir orkudrykki
- Áldósir fyrir bjór

UMBÚÐIR ÁN SKILAGJALDS

Ekki er skilagjald á umbúðum undir ávaxtaþykkni, mjólkurdrykki og kakódrykki sem innihalda ferska mjólk, matarolíu, tómatsósu eða þvottaefni. Þessum umbúðum má skila í grenndargáma.

Almenna reglan er að drykkjarumbúðir, fyrir utan þær umbúðir sem innihalda vín, þurfa að hafa innihaldið vatn með eða án kolsýru, eða vatnsblönduð efni til drykkjar, til að vera skilagjaldsskyldar. Um er að ræða tilbúna drykkjarvöru sem hægt er að drekka beint úr viðkomandi umbúðum.

Plast og gler án skilagjalds fer á Gámastöðina eða í næsta grenndargám. Það sem flokkast undir þennan flokk er:

- Tómatósósa
- Þvottalögur
- Mjólkurdrykkir
- Ávaxtaþykkni
- Matarumbúðir
- Krukkur
- Matar- og olíuflöskur
- Edikflöskur

Vinsamlegast virðið þetta.



SAFNANIR

Eftirfarandi atriði eru skilyrði fyrir móttöku safnana:

- Safnanir teljast 25 svartir ruslapokar eða meira.
- Allt efni verður að vera flokkað í ál og plast flokkast saman og svo gler sér.
- Allt efni skal vera hreinlegt og laust við heimilrusl og matarleifar.
- Hringja á undan sér í síma 433-7441.
- Talning starfsmanna Öldunar gildir.

Ef ekki er farið eftir þessum reglum áskilja starfsmenn Öldunar sér þann rétt að hafna móttöku á viðkomandi söfnunum. Ýmis félag safna miklu magni drykkjarumbúða. Geta þau fengið hjá Öldunni sekki og kör til að safna í og hægt er að hringja á skrifstofu Öldunar til að fá nánari upplýsingar.

